



Torfæra 2019

Reglur um Íslandsmeistaramót

**Samþykkt á fundi hjá Keppnisráði
í Torfæru 11.12.2018**

**Helga Katrín Stefánsdóttir
Ragnar Róbertsson
Ragnar Þ Magnússon
Stefán Bjarnhéðinsson
Valdimar Geir Valdimarsson
Sigurður Haukur Einarsson
Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir**

Efnisyfirlit:

1. Almennar upplýsingar
2. Torfæra almennt
3. Íslandsmeistaramót
4. Þátttakendur
5. Skráningar
6. Keppnistæki
7. Keppnisdagatal
8. Skipulagning móta
9. Öryggiskröfur
10. Pittur
11. Reynsluakstur
12. Fundur með keppendum
13. Farþegar
14. Keppnisskoðun
15. Prófun/ reynsluakstur
16. Refsingar, mótmæli og kærur
17. Verðlaunaafhending
18. Upplýsingar



1. ALMENN SKILGREINING Á TORFÆRUKÉPPNI

Torfærukeppni er haldin samkvæmt eftirfarandi FIA International Sporting Code (ISC) og reglum keppnishaldara og landsambands hans. Sé misræmi í reglum keppnishaldara og landsambands gilda reglur landsambandsins. Sé misræmi í reglum Landsambands og FIA International Sporting Code (ISC) gildir FIA International Sporting Code (ISC).

2. TORFÆRA ALMENNT

Torfæra (Formula Offroad) er keppni fjórhjóladrifsbíla þar sem keppendur reyna með sér í nákvæmnisakstri við krefjandi aðstæður, m.a. upp brattar brekkur, aka á vatni, í drullu og við aðrar óvenjulegar aðstæður.

3. ÍSLANDSMEISTARAMÓT

3.1. Þessar reglur eru gefnar út fyrir Íslandsmeistaramót í torfæru 2019 og skulu keppnisreglur og tæknilegar reglur gilda í öllum umferðum mótsins.

3.2. Komi upp vafamál, spurningar eða ósamræmi sem er ekki getið hér í þessum reglum skal tekið á þeim með eftirfærandi hætti: með ákvörðun dómnefndar ef atriðin koma upp á meðan á keppni stendur; eða af keppnisráði torfæru í Akstursíþróttasambandi Íslands ef atriði koma upp á öðrum tíma.

3.3. Sérreglur um Íslandsmeistarmótið, upplýsingarskýrslur og úrslit skulu vera birt á vef Akstursíþróttasambands Íslands www.akis.is. Allir fundir og upplýsingar skulu vera á Íslensku.

3.4. Lágmarksfjöldi brauta í keppni skulu vera 6 og má þar af vera ein eða fleiri tímabrautir.

3.5. Íslandsmeistaramótið er opið ökutækjum í 3 flokkum: Sérútbúnir bílar (Unlimited), Sérútbúnir Götubílar (Modified) og Götubílar -

3.6. Keppandi má aðeins keppa í einum flokki í hverri keppni. Meginreglan er sú að keppnistæki má aðeins vera skráð með einn ökumann í hverri keppni, en keppnishaldara er heimilt að leyfa fleiri ökumenn sé þess getið í sérreglum keppninnar.

3.7. Lágmarksfjöldi hliða í braut hjá Götubílaflokki eru 4 en skiptir ekki máli í öðrum flokkum.



4. ÞÁTTTAKENDUR

- 4.1. Ökumaður sem skráður er í akstursípróttafélag innan vébanda Akstursípróttasambands Íslands hefur rétt til þátttöku í mótinu.
- 4.2. Lágmarksfjöldi í hvern flokk skal vera 3 keppendur ef keppni á að telja til stiga.

5. SKRÁNINGAR

- 5.1. Keppnishaldari skal auglýsa skráningu í hverja umferð minnst 30 dögum fyrir keppni; komi ekki annað fram lýkur skráningu keppenda 14 dögum fyrir keppni. Keppnishaldarar geta auglýst seinni skráningu. Henni skal ljúka 3 dögum fyrir keppnisdag.
- 5.2. Keppnishaldari skal senda staðfestingu á skráningu til hvers keppenda. Tilbúin keppandalista skal senda til hvers keppanda og til stjórnar Akstursípróttasambands Íslands að minnsta kosti 5 dögum fyrir keppni.
- 5.3. Akstursípróttasamband Íslands (AKÍS) mun setja keppendalistann á heimasíðu sambandsins www.akis.is
- 5.4. Keppnisgjald keppnishaldara skal greitt samkvæmt upplýsingum í skráningu keppninnar eða á keppnisdag ef keppnishaldari tekur það fram.
- 5.5. Ef keppni er frestað af einhverjum ástæðum skal keppnisgjald vera endurgreitt innan tveggja daga frá ákvörðun.
- 5.6. Einungis skráður ökumaður hefur rétt til að koma ábendingum, kærnum og kvörtunum til keppnishaldara.
- 5.7. Í skráningu má skrá varaökumann ef keppandi sér fram á að hann gæti hugsanlega ekki tekið þátt af einhverjum ástæðum.
- 5.8. Það er ekki hægt að bæta við varaökumanni eftir að skráningu lýkur.

6. KEPPNISTÆKI

- 6.1. Öll keppnistæki skulu vera í samræmi við Torfærelgur 2019 tæknilegur hluti annars verður ökutækinu neitað um þáttöku.
- 6.2. Föst rásnúmer eru notuð eftir flokkum. Frátekin eru 1, 2, 3 og 201, 202, 203, samkvæmt lokastöðu FIA – Nez næsta keppnistímabils á undan. 401, 402 og 403 er einnig frátekið samkvæmt lokastöðu Íslandsmóts.
- 6.3. Ný röð af rásnúmerum verður 1-199 sérútbúnir bílar, 201-399 sérútbúnir götubílar og 401-499 götubílar. Ef ökumaður vill breyta um rásnúmer sem



honum hefur verið úthlutað verður hann að senda beðni í tölvupóst til FOWG nefndarinnar.

6.4. Fyrstu þremur númerunum í hverjum flokki er úthlutað til þeirra keppenda sem voru í efstu þremur sætunum í keppninni síðasta ár.

6.5. Keppendur í þremur efstu sætum geta valið sér ákveðið rásnúmer eða að fá rásnúmer samkvæmt því sæti sem hann endaði í í síðasta Nez móti.

6.6. Þeir keppendur sem hafa ekki keppt á síðustu tveimur árum missa rásnúmer sitt.

6.7. Ef ökutækið er selt þá má rásnúmer fylgja bílnum.

6.8. Öll keppnistæki skulu hafa rásnúmerin vel sýnileg á hliðum bílsins. Stærð númers skal vera 35cm hæð – 25cm breið.

6.9. Rásnúmer eru afhent af keppnishaldara og má vera auglýsing á númerinu. Rásnúmer fyrir sérútbúna bíla skulu vera svartir stafir með hvítum bakgrunn, sérútbúnir götubílar skulu hafa svarta stafi á gulum bakgrunni og götubílar skulu hafa svartan stafi á appelsínugulum bakgrunni.

6.10. Keppnishaldara er heimilt að hafa auglýsingu á rásnúmeri, en keppandi getur keypt sig frá þeirri skyldu. Sú upphæð er 20.000 kr.

7. KEPPNISDAGATAL

7.2. Keppnisdagatalið er auglýst á www.akis.is.

7.3. Keppnishaldari skal senda skráningu til allra keppenda og Akstursíþróttasambands Íslands í tölvupósti minnsta kosti 30 dögum fyrir keppni.

7.4. Akstursíþróttasamband Íslands (AKÍS) mun auglýsa skráningu á vefnum www.akis.is

7.5. Úrslit skulu vera send öllum keppendum, torfæruráði AKÍS og Akstursíþróttasambandi Íslands ekki seinna en sólarhring frá keppni.

7.6. Dagskrá keppinnar skal send keppendum ásamt fjölda keppenda með t.d. veðurspá og öðrum upplýsingum sem keppnisstjóri vill koma fram til keppenda. Aðrar tilkynningar munu koma fram á fundi með keppendum í brautarskoðun, einnig skulu allar upplýsingar koma frá á upplýsingartöflu á keppnisstað.



8. SKIPULAGNING MÓTA

- 8.1. Allar keppnir skulu haldnar á svæðum sem bjóða upp á brautir sem hæfa keppnishaldi í torfæru ásamt aðstöðu fyrir keppendur og áhorfendur.
- 8.2. Skipulag keppinnar skal vera undirbúið í samræmi við keppnis- og tæknilegu reglurnar sem innihalda þessar mótareglur ásamt landsreglum.
- 8.3. Í keppnisstjórn skulu vera að minnsta kosti þrír aðilar; þessir aðilar mega ekki taka þátt í keppninni. Keppnisstjórn ber ábyrgð á að keppnin gangi sem allra best fyrir sig.
- 8.4. Á keppnisstað mun dómnefnd vera að störfum til að fylgjast með að farið sé eftir reglum Akstursíþróttasambands Íslands.
- 8.5. Formaður dómnefndar skal senda skýrslu til Akstursíþróttasambands Íslands (AKÍS) innan 7 daga frá keppni.
- 8.6. Skráðir starfsmenn skulu að minnsta kosti vera;
 - 8.6.1. Formaður Dómnefndar
 - 8.6.2. Keppnisstjóri
 - 8.6.3. Skoðunarmaður/ Öryggisfulltrúi
 - 8.6.4. Ritari
 - 8.6.5. Brautarstjóri
 - 8.6.6. Stigadómarar
 - 8.6.7. Pittstjóri
- 8.7. Stigadómarar skulu koma að minnsta kosti frá tveimur akstursíþróttafélögum, þeir skulu hafa lokið námskeiði frá Akstursíþróttasambandi Íslands (AKÍS).
- 8.8. Ritari keppinnar skal halda utan um þessa pappíra og afhenda afrit til formanns dómnefndar:
 - 8.8.1. Umsögn frá Akstursíþróttasambandi Íslands
 - 8.8.2. Tryggingar keppinnar samkvæmt reglugerð 507/2007
 - 8.8.3. Leyfi landeiganda
 - 8.8.4. Leyfi lögreglustjóra/ sýslumanns
 - 8.8.5. Samþykki sveitastjórnar



9. ÖRYGGISKRÖFUR

- 9.1. Að minnsta kosti ein sjúkra/björgunar bifreið ásamt áhöfn skal vera viðstödd alla keppnina.
- 9.2. Brautarverðir með að lágmarki 6 kg duftslökkvitæki skulu vera við rás- og endamark. Auk þess þarf eitt kolsýruslökkvitæki nálægt ráshliði.
- 9.3. Að minnsta kosti tvö mönnum tæki með búnaði til hífa og lyfta keppnistæki skulu vera viðstödd alla keppnina. Brautarverðir skulu einnig hafa aðgang að öflugum klippum og vera með hníf til að geta skorið á belti.
- 9.4. Gæta skal vel að fjarlægð áhorfenda frá brautum sé nægileg með hliðsjón af öryggi þeirra. Áhorfendur skulu aldrei vera í aksturslínu, þó sérstakelga við endamörk brauta.

10. PITTUR

- 10.1. Pittsvæði skal vera með nægilegt pláss fyrir alla keppendur.
- 10.2. Hámarkshraði ökutækja á pittsvæði skal vera gönguhraði.
- 10.3. Á pittsvæði skulu staðsett að minnsta kosti tvö slökkvitæki með froðu, að lágmarki 6 kg og skal aðgengi að þeim óhindrað og staðsetning þeirra vel merkt.
- 10.4. Öll keppnistæki skulu hafa dúk undir bílunum meðan á viðgerð stendur. Dúkurinn þarf að vera minnsta kosti 520g/m² að þykkt og skal ná yfir allt svæði bílsins.
- 10.5. Keppendur skulu hafa slökkvitæki á viðgerðasvæði sínu að lágmarki 2kg.

11. REYNSLUAKSTUR

- 11.1. Á keppnisstað skal vera svæði þar sem keppendur geta prófað keppnistæki og skal svæðið vera að lágmarki 25 metra langt og þar skal vera einstefna.
- 11.2. Svæðið er opið meðan keppni stendur yfir.



12. FUNDUR MEÐ KEPPENDUM

- 12.1. Fundur með ökumönnum skal haldinn minnst 60 mínútum fyrir keppni.
- 12.2. Mæti ökumaður ekki á fundinn má visa honum frá keppni.

13. FARÞEGAR

Akstur með farþega í keppnistæki er bannaður á meðan keppni stendur yfir.

14. KEPPNISSKOÐUN

- 14.1. Öll keppnistæki skulu fara í gegnum skoðun og standast hana til að fá rásleyfi.
- 14.2. Ökumaður skal sýna fram á ökuskírteini, keppnisskírteini ásamt félagskírteini.
- 14.3. Skylt er að prófa bremsur í hverri skoðun. Öll hjól skulu læsast. Sýnt skal fram á, áður en keppandi leggur í braut, að keppnistækið standist sömu bremsuskoðun og í keppnisskoðuninni.
- 14.4. Mæti ökumaður of seint í keppnisstoðun en þó innan klukkutíma eftir að auglýstum skoðunartíma lýkur, getur hann fengið skoðun gegn greiðslu að upphæð kr. 10.000 nema annað sé tekið fram í reglum keppinnar.
- 14.5. Einungis þau keppnistæki sem standast skoðun fá rásleyfi.
- 14.6. Keppnishaldari skal hafa aðstöðu á keppnisstað til þess að framkvæma keppnisstoðun.
- 14.7. Þyki dómnefnd keppinnar ástæða til má taka ökutæki í skoðun hvenær sem er á keppnisstað.

15. PRÓFUN/ REYNSLUAKSTUR

- 15.1. Klukkutíma fyrir keppni skal opna svæði fyrir reynsluakstur.
- 15.2. Keppanda er einungis heimilt að hefja æfingar eftir að hann hefur staðist keppnisstoðun og gengið frá keppnisgjöldum.

16. REFSINGAR, MÓTMÆLI OG KÆRUR

- 16.1. Allar kærur skulu gerðar samkvæmt reglum og verðskrá AKÍS.



- 16.2. Allar kærur skulu vera skrifaðar á Íslensku á þar til gerðu stöðluðu eyðublaði sem keppnishaldari hefur og skulu þær afhendar keppnisstjóra ásamt kærugjaldinu.
- 16.3. Keppendur hafa rétt til að áfrýja dómi dómnefndar til Akstursíþróttasambands Íslands.
- 16.4. Áfrýjarnir skulu vera skrifaðar á Íslensku og afhentar formanni dómnefndar.
- 16.5. Afrit af áfrýjun skal senda til Akstursíþróttasambands Íslands (AKÍS) ásamt skýrslu dómnefndar.
- 16.6. Kærufrestur er 30 mínútur nema annað sé tekið fram.

17. VERÐLAUNAAFHENDING

- 17.1. Þrjú stigahæstu í hverjum flokki fá verðlaun.
- 17.2. Þyki keppnishaldara ástæða til má hann verðlauna sérstaklega fyrir tilþrif. Verðlaunin eru þá veitt fyrir framúrskarandi tilraun við braut eða góða björgun frá veltu, en aldrei eru veitt verðlaun fyrir veltu.
- 17.3. Verðlaunaafhending fer fram samkvæmt útgefinni dagskrá keppinnar. Ekki er heimilt að halda verðlaunaafhendingu fyrr en staðfest úrslit liggja fyrir og kærur og athugasemdir hafa verið afgreiddar komi þær upp.

1. sæti	20
2. sæti	17
3. sæti	15
4. sæti	12
5. sæti	10
6. sæti	8
7. sæti	6
8. sæti	4
9. sæti	2
10. sæti	1

Verði tveir eða fleiri þátttakendur jafnir að stigum þá vinnur sá er oftast hefur náð fyrsta sæti, öðru sæti og svo framvegis. Verði þeir enn jafnir eftir þetta þá sigrar sá sem hefur besta árangur í síðasta móti. Sé enn jafnt skal farið í næsta mót á undan og svo framvegis.



18. UPPLÝSINGAR

Allar upplýsingar varðandi Íslandsmeistaramótið í Torfæru er hægt að nálgast á heimasíðu Akstursíþróttasambands Íslands www.akis.is